

Samansafn af drauga- og þjóðsögum í nærumhverfi Norðfjarðar

Guðrún Helga Guðjónsdóttir

Lokaverkefni til stúdentsprófs við Verkmenntaskóla Austurlands

Félagsvísindabraut



VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS

Samansafn af drauga- og þjóðsögum í nærumhverfi Norðfjarðar

Guðrún Helga Guðjónsdóttir

Lokaverkefni til stúdentsprófs við Verkmenntaskóla Austurlands

Leiðbeinandi: Ágúst Ingi Ágústsson

Félagsvísindabraut Verkmenntaskóla Austurlands

Maí 2019

Efnisyfirlit

Formáli	4
Múlasýslur	6
Smalastúlkan.....	6
Saga af Bjarna-Dísu	8
Norðfjörður.....	11
Höllusteinn og Blóðbrekkur	11
Tröllkarlinn í Svartafossi og járnstöngin	12
Uxavogur	12
Páskahellir	13
Barðsnes	14
Barðsnesbræður og stóri maðurinn.....	14
Hellisfjörður	16
Spánskadys	16
Viðfjörður.....	18
Lærleggurinn	18
Sandvík.....	20
Uppruni Sandvíkur-Glæsis	20
Uppvakning sjó dauðs manns	20
Galdramaður í Norðfirði	21
Hafís í harðindavori	21
Skipsflak seins sumars	22
Skyndikynni við Glæsi	23
Hlaup í Sandvík	24
Glæsir tók ofan	24
Glæsir ofsækir Valgerði.....	25

Eskifjörður.....	26
Sæluhúsið á Eskifjarðarheiði	26
Mjóifjörður	27
Líksaungshamrarák.....	27
Hreppstjórávogur	29
Nípukerlingin.....	29
Mjóafjarðaskessan	31
Samantekt	33
Heimildaskrá	34
Myndaskrá	35

Formáli

Þessi samantekt af drauga-og þjóðsögum er lokaverkefni mitt til stúdentprófs á félagsvísindabraut við Verkmenntaskóla Austulands. Áhugi minn á efninu vaknaði þegar ég var barn í hinni árlegu fjallgöngu Nesskóla. Í hverri fjallgöngu var Stefanía Freysteinsdóttir kennari við skólann og tók hún alltaf með sér draugasögu, þjóðsögu eða örnefnasögu tengda staðnum sem við vorum að ganga og þá kviknaði áhuginn minn á þessu efni og viðhélst áhuginn minn í rúm tíu ár á þennan hátt.

Ég hef frá þeim tíma alltaf haft gaman að heyra sögur sem tengjast nærumhverfi mínu á einhvern hátt, hvort sem það sé sagan um Höllustein, Páskahelli eða Sandvíkur-Glæsi. Hugmyndin af verkefninu var mér alltaf ofarlega í huga eftir að kennarinn sagði útskriftarhópnunum að við þyrftum að hafa gaman og áhuga á því viðfangsefni sem hver og einn tæki fyrir og til að geta viðhaldið því næstu mánuði. Þess vegna var þetta frekar augljóst val fyrir mig. Ég hef gaman af sögunum og á frekar auðvelt með heimildavinnu, sérstaklega eftir þrjú ár á þessari braut.

Á bæjarbókasafninu fékk ég góða hjálp hjá Bjarnveigu safnverði og einnig hjá Stefáníu því hún átti nokkar sögur hér úr sveitinni. Eftir nokkrar heimskóknir á bókasafnið rakst ég á Halldóru Hákonardóttur starfsmann við skólann. Við tókum spjall saman og benti hún mér á góða bók sem fjallar um sögur í Norðfjarðarflóa.

Ég notaðist við heimildavinnu sem heimildaraðferð, sú aðferð inniheldur margra klukkutíma lestur, innslátt og umorðun áður en að lokatexta kemur. Þessu fylgir auðvitað heimildaskrá, tilvísanir og myndaskrá. Ég ákvað skipta sögunum í kafla eftir staðsetningu. Í byrjun hvers kafla fjalla ég um hvern stað fyrir sig og er umfjöllunin á hverjum stað mis löng þar sem erfiðara var að finna heimildir um suma staði en aðra. Einnig eru myndir af hverjum stað til að gefa lesanda betri sýn af staðnum og svo byrjar endursögnin í kjölfarið.

Í samantektinni er Sandvíkur-Glæsir áberandi en hann er frægur draugur hér í nágrenninu. Hann hefur alltaf verið í uppáhaldi hjá mér. Nokkrar sögur koma frá Norðfirði en það er aðeins brot af því sem tíl er. Frá nokkrum öðrum stöðum vel ég aðeins eina sögu. Sögurnar koma úr Múlasýslum, Norðfjarðarflóa, Sandvík, Eskifirði og Mjóafirði.

Ég vil þakka Stefaníu Freysteinsdóttur fyrir aðstoðina og fyrir að hafa kveikt áhuga minn á efninu fyrir mörgum árum og viðhaldið honum með mér í gegnum grunnskólaárin mín, einnig fyrir að lesa yfir verkefnið fyrir mig og alla aðra aðstoð.

Ég vil þakka Halldóru Hákonardóttur og Bjarnveigu Jónasdóttur, Dóru og Böddu, fyrir aðstoðina við heimildaleit og aðrar góðar ábendingar.

Ég vil þakka ömmu minni, Sigríði Helgu Ármannsdóttur fyrir yfirlsturinn á þessu verkefni.

Einnig vil ég þakka Ágústi Inga Ágústssyni fyrir að leiðbeina mér í gegnum þetta ferli.

Múlasýslur

AUSTURLAND



Mynd 1 Samband Íslenskra Sveitarfélaga á.á.



Mynd 2 Wikipedia. 2019

Áður fyrr var Íslandi skipt í sýslur en það er ekki notast við það í dag. Austurland skiptist þá í Norður- og Suður- Múlasýslu en er gróflega skipt í Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð í dag. Tók það mörg ár að sameina byggðarfélög og eru enn nokkur byggðarfélög sem eru ekki hluti af Fjarðabyggð eða Fljótsdalshéraði, en tilheyrðu áður Múlasýslum. Hér fyrir ofan eru tvær myndir, á fyrri myndinni sést Fljótsdalshérað, Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Djúpavogshreppur, Borgarfjarðarhreppur Seyðisfjarðarkaupstaður og Fjarðabyggð. Sýnir þetta hvernig skiptingin er í dag en, á seinni myndinni er sýnt hvar Múlasýslur voru og sést að þetta er sama landsvæði sem átt er við. Fljótsdalshérað varð formlega til árið 2004 og Fjarðabyggð eins og hún er í dag varð til í löngu sameiningarferli sem byrjaði árið 1988 og lauk síðasta sumar árið 2018.^{1 2}

Smalastúlkan

Fyrir langalöngu bjó bóndi einhversstaðar austarlega í Múlasýslum og var hann ríkur maður. Átti hann aðeins eitt barn og var það undurfögur stelpa og báðu margir menn hana að giftast sér, trúlofaðist hún seinna manni úr sinni sveit. Einhvern tímann vantaði föður hennar meirihluta kinda sinna og var búið að leita þeirra lengi og fann þær enginn. Var bóndinn ekki ánægður með að missa svona margar kindur og bað dóttir hans um leyfi til að fá að leita að þeim. Hann var ekki voða hrifinn af hugmyndinni en leyfði henni það þó svo lengi sem hún myndi ekki fara vinstra megin við eitt fjallið og benti hann henni á hvaða fjall það væri.

¹ Fljótsdalshérað, e.d.

² Fjarðabyggð, e.d.

Leggur stelpa af stað um leið og hún er búin að lofa föður sínum það að fara ekki þá leið. Þegar hún er komin að fjallinu sem faðir hennar hafði bannað henni að fara vinstra megin við, ákvað hún að fara þá leið þrátt fyrir loforðið. Hún gekk lengi og fann kindurnar hvergi, þegar sólin er að setjast kemur hún auga á ungan mann, á hennar aldri, stutt frá sér og ákveður hún að spyrja hvort hún megi gista hjá fjölskyldu hans þar sem hún vil ekki liggja úti þá nótt. Eltir hún hann heim og bankar hún á hurðina, kemur hann til dyra og biður hún um gistingu sem hann veitir henni.

Þegar hún gengur inn sér hún fullorðin hjón og fer fljótt að sofa. Daginn eftir spyr hún heimilisfólkið hvort þau hafi sé kindur föður hennar og segir ungi maðurinn henni að kindurnar séu allar hér hjá þeim. Biður stelpa þau um að láta hana fá kindurnar svo hún geti farið með þær heim til föður síns. Ungi maðurinn segir henni að það muni ekki gerast og það sé föður hennar að kenna og að hún muni verða eiginkona hans. Neitar hún því og lætur hann vita að hún sé nú þegar trúlofuð indælum manni í sveitinni og þurfi að fara heim til hans. Segir þá maðurinn við hana að annaðhvort verður hún hjá honum af fúsum og frjálsum vilja eða verði neydd til að vera hér hjá þeim.

Líst stelpunni ekki á blikuna og ákveður hún að þykjast vilja vera hjá honum og foreldrum hans. Eyðir hún vetrinum hjá þeim og er vel farið með hana, nóg var til af mat þar sem feðgarnir skiptust á að veiða silung um veturinn og alltaf var annar eftir til að fylgjast með stelpunni, kom þó nokkrum sinnum fyrir að þeir fóru báðir og móðirin fylgdist þá með henni. Ungi maðurinn vildi alltaf sofa hjá stelpunni, og var hún ekki svo á móti hugmyndinni þar sem hann var myndarlegur, en þóttist hún ekki geta sofið hjá honum vegna trúlofunarinnar.

Hana langaði alltaf heim en það var fylgst of vel með henni og fékk hún því aldrei tækifæri til að sleppa. Fór hún þá að þykjast líka vel við að búa hjá þeim í fjallinu og hætti hún að horfa í áttina sem heimili hennar var, hún varð blíðari við unga manninn en fór að segja honum að hún gæti ekki sofið hjá honum vegna þess að hún væri ólétt. Greinilegt var að þetta fólk hafði ekkert vit á einkennum óléttu því það eina sem stelpa þurfti að gera var að setja föt inn á sig til að virðast ólétt. Ungu manninum fannst voða leiðinlegt að þau gætu ekki sofið saman vegna óléttunnar en huggaði sig alltaf við vonina og var hann alltaf góður við stelpuna.

Einn daginn fóru feðgarnir saman að veiða silung og voru þeir lengur í burtu en venjulega. Varð konan hrædd um þá og ætlaði að fara að leita að þeim en bauðst stelpa þá til

að fara í staðinn fyrir hana þar sem hún væri yngri og ætti auðveldara með ferðina. Leist konunni ekki of vel á það en leyfði það þó og fór þá stelpan og gekk í áttina sem feðgarnir höfðu farið þangað til hún var ekki lengur sjáanleg frá bænum, fór hún þá í átt að sveitinni sinni eins hratt og fætur hennar leyfðu. Ferðaðist hún allan daginn fram að kvöldi og var komin að gili sem var ekki of langt í burtu frá heimili hennar og ákveður hún að fela sig þar til öryggis ef feðgarnir væru að leita hennar, því hún vildi alls ekki hitta þá aftur. Þegar hún er nýbúin að koma sér fyrir undir skúta sér hún feðgana vera að leita að henni.

Voru þeir nálægt henni og heyrir hún þá tala saman um að hún hlyti að vera í gílinu miðað við hversu lengi hún gekk. Var hún svo heppin að feðgarnir fundu hana ekki og lá hún þar sem hún hafði falið sig alla nóttina og alveg fram að næsta kvöldi, til að vera viss um að þeir myndu ekki finna hana og fór hún svo alla leið heim. Þegar hún var mætt heim til föður síns fór fólk að spyrja hana óteljandi spurninga þar sem margir töldu hana hafa látist, útskýrði hún þá hverju hún hefði lent í.

Unnusti hennar hélt að fjallamaðurinn hefði sofið hjá henni þennan vetur sem hún var fangi þeirra og varð það til þess að hann sleit trúlofuninni. Héldu margir aðrir í sveitinni að svo hefði farið og sögðu henni það og lét hún eins og þessar sögur hefðu engin áhrif á hana. Eina nóttina hvarf hún frá heimili sínu og enginn vissi hvað hefði gerst, héldu þó margir að hún hefði farið aftur til unga mannsins sem bjó í fjallinu.³

Saga af Bjarna-Dísu

Í kringum 1800 bjó maður á Þrándarstöðum sem hét Þorgeir. Þrándarstaðir voru staðsettir í Suður-Múlasýslu, nánar tiltekið Eiðapíngá. Átti hann hóp barna og meðal þeirra voru Bjarni og Þórdís. Bjarni var stór og sterklega byggður maður, var hann jafnlyndur maður og góður. Þórdís var yndisfögur kona og öðruvísi í lund en Bjarni. Réð Þórdís sig sem þjónustustúlku í kaupstað, annaðhvort á Seyðisfirði eða Eskifirði, og fór hún þaðan í Austdal í Seyðisfirði. Um það leyti sem Þórdís var í Austdal var Bjarni í Odda á Fjarðaöldu. Ákváðu systkinin að hittast og fara saman upp í Hérað að heimsækja fjölskyldu sína. Fóru þau uppeftir og voru nóttina á Þrándarstöðum, Bjarni fór að hugsa út í hvernig veður yrði á heimferð þeirra og leist honum ekki vel á veðrið en ákvað að leggja samt sem áður af stað. Var hann fljótur að taka tig til en Þórdís var lítið hægari við að gera sig ferðaklára.

Hann bað Þórdísi að bíða einn dag vegna veðurs og klæðnaðar hennar en hlustaði hún ekki á hann og sagðist fara ef hann færi. Bjarni reyndi þá að stinga hana af og hlaupa á undan henni

³ Þorsteinn Erlíngsson, 1954, bls 143-147

upp í fjall en var Þórdís ekki langt á eftir honum, hélt hann áfram að hlaupa og heldur hún í við hann og ákveður Bjarni þá að stoppa og bíða eftir henni. Lentu þau í byl og villtust og voru þau systkinin bæði ótrúlega þreytt. Bjarni sá að ekkert annað væri hægt að gera í stöðunni en að grafa sig í fönn og bíða bylinn af sér. Bað Þórdís hann að yfirgefa sig ekki og langaði Bjarna að athuga hvort hann gæti komist að því hvar þau væru og hvort hann gæti leitað hjálpar í Seyðisfirði. Fór hann af stað og var hann kominn á Bjólfstind þegar hann hrapaði og slasaði sig. Finna nokkrir menn hann þar og segr hann ekki neitt vegna meiðsla og örmögnunnar. Morguninn eftir varð hann betri og gat borðað, sagði hann þá fólkinu frá óveðrinu sem hann og systir hans hefðu lent í.

Fóru menn þá að undirbúa sig fyrir leit og fóru sex menn ásamt Bjarna að leita hennar. Voru það Þorvaldur Stígsson ásamt tveimur öðrum mönnum í Firði, Björn bóndi, Björn sonur hans og Jón. Voru þeir með sleðagrind ef þeir skyldu finna hana og á henni var nautshúð til að hlýja henni og einnig næringu fyrir hana. Fundu þeir hana ekki fyrir myrkur og fóru því aftur heim. Þetta gerðu þeir nokkrum sinnum en kom ekkert úr því. Sex dögum seinna endaði vonskuveðrið og fóru þeir strax að leita hennar. Gengu þeir á hljóð sem kom frá Stafaldsmýri og var Þorvaldur þar fyrstur í röð vegna hræðslu hinna.

Sáu þeir Þórdísi en virtist hún ekki lengur vera mennsk. Snjóhúsið hafði fokið og voru fötin sem hún klæddist gaddfreðin, hún var engu klædd fyrir neðan mitti og hár hennar var fullt af snjó. Var hún nokkur skref frá bæli sínu og var eins og hún hefði gengið nokkur skref og svo stökkið afturábak í bælið og lent á bakinu, sýndist þeim hún hafa gert þetta tvisvar og drógu þeir þá ályktun að hún hefði gefið frá sér hljóð í bæði skiptin og sáu þeir að hún ætlaði að stökkva aftur. Héldu þeir því að hún væri að fara að ganga fulla afturgöngu.

Fólk trúði að ef stökkinn væru þrjú þá væri einstaklingurinn búinn að ganga fullri afturgöngu, tvö stökk voru kölluð hálf afturganga. Allir mennirnir báðu til guðs og fóru fjær nema hann Þorvaldur. Hann öskraði á mennina og spurði þá hvort þeir ætluðu að leyfa djöflinum að taka Þórdísi. Hljóp hann svo á Þórdísi og lamdi hana svo fast að hún datt niður, festi hann hana á sleðagrindina og klæddi hana í útibuxur sínar og sagði hann við Dísu að hverjum sem hún myndi fylgja yrði það ekki hann. Skar svo Bjarni frostið af henni eins og Þorvaldur sagði honum að gera.

Fundu þeir kútinn og hangikjötið sem Bjarni hafði skilið eftir með henni í bælinu hennar og var kúturinn nálægt því að vera tómur. Ótrúaðir menn sögðu seinna meir að Þórdís hefði haldið í sér hita með víninu og hangikjöti og að hún hafi verið með vínæði sem myndi

útskýra hegðun hennar og óhljóð. Sögðu þeir líka að Þorvaldur hefði drepið Dísu í oftrúaræði sínu. Margir sætta sig þó við það að hún hafi verið gengin hálfan afturgang.

Þeir fóru með Dísu að Fjarðarseli þar sem hún var borin í kofa sem var á bænum. Var trippi sett fyrir hurð kofans og heyrðust þrusk og brak um nóttina. Morguninn eftir lá trippið dautt fyrir framan kofann. Sýndist þá mönnum að Dísu ætlaði sér ekki að liggja í friði og flýttu þeir jarðsetningu hennar og athöfn, grófu þeir hana við Dvergastein og séra Þorsteinn skáld Jónsson jarðsöng hana. Morguninn eftir að hún hafði verið jarðsett sáu menn holu í leiðinu hennar og fylltu þeir í hana. Gerðist þetta aftur þangað til presturinn fyllti hana sjálfur og tautaði eitthvað og hætti þá að birtast hola á leiði hennar.

Alltaf óx þó illgresi á leiðinu hennar en blóm á öllum öðrum leiðum í kringum hana. Fóru menn svo að sjá Dísu reglulega og fylgdi hún aðeins þeim mönnum sem fundu hana og mest fylgdi hún Bjarna bróður sínum. Síðan þá hefur hún verið kölluð Bjarna-Dísu og bróðir hennar Dísu-Bjarni. Fylgdi hún Þorvaldi og fjölskyldu hans fastast en var hún verst við Bjarna og varð hann ólánsmaður mikill. Giftist hann og eignaðist börn en flutti hann oft vegna ásóknar Dísu.⁴

⁴ Halldóra Tómasdóttir og Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir, 2006, bls 36-40

Norðfjörður



Mynd 3 Fjarðabyggð, á.á.

Norðfjörður er hluti af Norðfjarðarflóa og er Norðfjörður nyrsti fjörðurinn í flóanum, Hellisfjörður er næstur Norðfirði og Viðfjörður við hlið Hellisfjarðar. Norðfjarðarflói nær frá Barðsneshorni til Nípunnar. Áður en bærinn í Norðfirði fékk kaupstaðarréttindin sín árið 1929 hét hann einfaldlega Nes. Sjávarútvegur hefur lengi vel verið stærsta atvinnan á staðnum og í dag er eitt stærsta fiskiðjuverið í Evrópu rekið af fyrirtæki sem ber nafnið Síldarvinnslan hf og er staðsett á Neskaupstað. Einnig er Fjórðungssjúkrahús Austurland og Verkmenntaskóli Austurlands staðsett á Neskaupstað.⁵

Höllusteinn og Blóðbrekkur

Fjallvegur einn sem liggur á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar heitir Oddsskarð, eða Oddsskarðsvegur, og fyrr á öldum var hann áður mikið farinn sem gönguleið og seinna sem vegur úr bænum en er hann nær ónotaður nú til dags. Norðfjarðarmeginn á þessum vegi heita brekkur tvær ytri og innri Blóðbrekka, og stendur þar einnig steinn sem ber nafnið Höllusteinn. Sagan í kringum nafn steinsins og breknanna er sú sama. Ung kona sem hét Halla var ólétt og veikburða, var hún að leita sér húsaskjóls í vondu veðri í Reyðarfirði en hvert sem hún leitaði var henni neitað. Fór hún þá til Norðfjarðar að leita sér skjóls þar, en á

⁵ „Neskaupstaður“, e.d.

leiðinni niður Oddsskarðið Norðfjarðarmegin fékk hún sóttina og leitaði hún skjóls undir steini nokkrum. Eignaðist Halla barnið sitt undir steininum og náði hún að vefja barninu sínu í föt til að halda því hlýju áður en hún lét lífið, blæddi henni mikið og blóðslóðin í brekkunum varð til þess að menn sem voru á leið yfir skarðið fundu hana og barnið bæði látin undir steininum. Frá því var steininn kallaður Höllusteinn og brekkurnar tvær Blóðbrekkur.⁶

Tröllkarlinn í Svartafossi og járnstöngin

Oddsdalur er Norðfjarðarmegin á Oddsskarði, fjallvegurinn er fyrir ofan dalin sjálfan. Niðri í miðjum dalnum er foss sem ber nafnið Svartifoss, áin sem rennur í þessum fossi ber nafn annars foss sem er ofar í ánni og heitir því áin Hengifossá. Undir Svartafossi er stór hellir að sögn margra, sumir segja að í þessum helli hafi búið tröllkarl sem veitti ferðamönnum tjón og bana til að byrja með, seinna hrekkti hann ferðamennina með þeim hætti að villa fyrir þeim og lokka þá í gilið sitt.

Skarð eitt, sem liggur upp úr Oddsdalnum heitir Helgustaðarskarð. Fóru Norðfirðingar það skarð þegar þeir sóttu í kaupstað að Breiðavíkurstekki og var þá Helgustaðarskarð mikið notað sem kaupstaðavegur af Norðfirðingum. Ekki er þetta skarð notað lengur en þegar notkun skarðsins var í hápunkti gerði ákveðinn gljúfrabúi vart við sig og hreldi fólk. Tveir menn voru á ferð úr kaupstaðnum og voru þeir í Kambabrekkum, sem liggja austan við dalinn, mæta þeir tröllkarlinum sem heldur á stórri járnstöng.

Alveg sama hvað mennirnir reyndu til að komast burt frá tröllkarlinum náði hann einhvern veginn að leiða þá að gilinu og fossinum sem hann bjó á bakvið. Mennirnir tveir fóru með allar bænir sem þeir kunnu, í tilraun til að fá guð sinn til að bjarga þeim. Virkaði ekkert fyrr en annar maðurinn fór að kveða Lilju, voru þeir þá komnir frekar nálægt gilinu. Virtist það draga úr getur tröllkarlsins, enn hélt hann áfram að hrekja þá í gilið með járnstönginni sinni. Kom svo elding í járnstöngina, sem varð til þess að járnstöngin klofnaði í sundur og tröllkarlinn datt niður í gilið. Tóku mennirnir einn hluta af stönginni, sem var nú ekki nema einn fjórði af allri stönginni, og gáfu þeir Skorrastaðakirkju járníð. Þurfti að taka af því einn þriðjung svo að hægt væri að bera það.⁷

Uxavogur

Ysti sveitabærinn í Norðfirði, sem er undir Nípunni, heitir Bakki. Lítil er klettatangi, sem gengur út í sjó, svolítið utan við Neseeyri og fyrir neðan Bakka. Er þessi tangi kallaður

⁶ Þorsteinn Erlíngsson, 1954, bls 273-274

⁷ Þorsteinn Erlíngsson, 1954, bls 274-276

Uxavogstangi og er vogskompa sem kölluð er Uxavogur undir tanganum. Fá tanginn og vogurinn nöfn sín út frá sögu einni um bóndann sem bjó á Bakka, hljómar sú saga svona.

Bóndinn sem bjó á Bakka hitti sæuxa á tanganum, náði hann að sprengja blöðruna á nösum sæuxans. Því sagt er að ef blaðran á nösum sæuxa sé sprengd komast þeir ekki aftur í sjóinn til uxahóps síns. Sæuxinn sem bóndinn náði var fallegur yfirlits, stór og grár á lit. Notaði bóndinn hann sem sveitarnaut og er sagt að nautin sem koma undan honum séu betri en öll önnur naut í Norðfirði. Flest naut sem komu frá þessu sænauti voru grá á litinn eins og það og voru þau naut því sögð vera af sænautakyni.⁸

Páskahellir

Páskahellir er utar með Nípunni og er einnig til saga um uppruna nafns hans. Til er saga um að lið Faraós sem elti Ísraelsmenn út í Rauðahafið og urðu að selum. Máttu þeir verða aftur að mönnum aðeins fjórum sinnum hvert ár. Voru það allar nætur fyrir stórhátíðir, notuðu þeir þessar nætur til að safnast saman sér til skemmtunnar. Köstuðu þeir af sér selbelgunum á meðan þeir voru á landi og fóru þeir aftur í belgina þegar morgunn kom.

Einn páskadagsmorgun náði bóndinn á Bakka einni selmær í Páskahelli, sá hann hana þegar hann var að sjá um ærnar sínar stutt frá. Tók hann selmeyna með sér heim og giftist henni, eignuðust þau saman sjö börn áður en hún slapp aftur í sjóinn. Oft sást hún rétt fyrir utan Páskahelli og telja sumir að hún hafi beint uxanum upp á Uxavogstanga fyrir bóndann.⁹

⁸ Hálfðan Haraldsson, 2008, bls 52

⁹ Hálfðan Haraldsson, 2008, bls 53

Barðsnes



Mynd 4 Árni Ragnarsson og Ína D Gísladóttir, á.á.

Barðsnes er sveitabær staðsettur að austanverðu í Norðfjarðarflóa. Sveitabærinn er nálægt Barðsnesi og Sandfelli.¹⁰

Barðsnesbræður og stóri maðurinn

Áður fyrr bjuggu þrír bræður á Barðsnesi, hétu þeir Eyjólfur, Einar og Sigurður hét sá yngsti, var hann ófermdur. Móðir þeirra sá um heimilið. Eyjólfur og Einar voru báðir sterkir og vel byggðir menn og töldu þeir sér allt mögulegt. Notuðu þeir tveir sexæring, sem er árabátur ætlaður sex mönnum að róa, og gengu þeir alltaf frá honum tveir saman. Ef þeim gekk illa með bátinn sögðu þeir mörgum sinnum „Oft hefur betur gengið í henni Barðsneshöfn.“

Einn dag voru bræðurnir tveir við jarðarför í kirkju sinni, þegar gröfin var grafin fundust einstaklega stór bein. Brá mörgum við fundinn og undruðust margir yfir beinunum. Eyjólfur tók upp eitt leggbein, skoðar það, hlær og segir „Einhvern tíma hefði verið gaman að hafa þennan karl til að setja með sér bátinn í henni Barðsneshöfn.“ Hélt hann áfram að grínast og gera lítið úr beinum mannsins. Fólk var ekki hrifið af gríni Eyjólfss og sagði einhver maður að hann ætti ekki að gera lítið úr beinum látinna manna. Eyjólfur hló við þessum orðum og spurði sá hinn sama hvort hann grunaði að eigandi beinanna myndi rísa upp, ef svo skyldi verða þá yrði Eyjólfur ánægður með að fá hann til að aðstoða sig með bátinn í henni Barðsneshöfn. Bróðir Eyjólfss, hann Einar var sammála honum sagði svo einhver við hann „Betur þér yrði að orðum þínum, Eyjólfur.“

¹⁰ *Mapcarta*. á.á.

Allir fóru heim eftir þetta samtal og sama kvöld mættu nokkrir manni sem var á stærð við jötunn á leið sinni milli bæja, vissi enginn hver hann var. Þorði enginn að spyrja hann að nafni, einn maður þorði hinsvegar að spyrja hann hvert för hans var heitið. Sagði maðurinn að hann væri að fara að aðstoða bræðurna tvo með sexæringinn í henni Barðsneshöfn og fannst fólki það skrýtið svar.

Móðir þeirra varð vör við manninn niðri í Barðsneshöfn hjá báti bræðranna. Ætluðu bræðurnir á bátnum að sækja timbur við fyrsta tækifæri, biðu þeirra tveir fullir bátsfarmar af timbri. Daginn eftir var gott veður og sjórinn sléttur og gripu bræðurnir tækifærið snemma að morgni, voru þeir fljótir að taka sig til. Bað móðir þeirra þá að vera heima þennan dag og spurðu þeir hana afhverju hún væri að biðja þá um það. Sagði hún þeim að hún hefði slæma tilfinningu um ferðina þeirra sem þeir ætluðu að fara þennan dag. Tóku þeir lítið mark á henni og tóku þeir litla bróður sinn, Sigurð, með sér og drifu þeir sig niður í höfnina.

Sigurður litli elti þá og þegar hann var kominn í höfnina sá hann bræður sína gera bátinn klárann, sá hann gríðarstóran mann hlaupa á bátinn með þeim bræðrum og fór þá báturinn auðveldlega í sjóinn. Sagði Eyjólfur þá „Sjaldan hefur betur gengið í henni Barðsneshöfn.“ Settust bræðurnir tveir undir árar en stóri maðurinn settist í skut. Sigurður skildi að bræður hans sáu ekki manninn og leist honum þá illa á feðina. Þegar þeir komu til timbursins var Sigurður skilinn eftir til að taka til smátré á meðan þeir færu með fyrsta farminn aftur til Barðsness.

Aftur sitja þeir í bátnum og eins og áður með stóra manninn í skut og sér Sigurður að maðurinn er að fara að velta bátnum. Hleypur Sigurður upp einhverja hæð til að sjá bræður sína betur og sér hann manninn hvolfa bátnum. Bræðurnir eru fljótir að grípa um kjöl bátsins, gerist þetta að morgni til og var sjórinn spegilsléttur. Sér Sigurður stóra manninn snúa bátnum aftur við en grípa bræður hans þá í trén sem fljóta rétt hjá, ýtir þá maðurinn timbrinu niður í kaf, grípa þá bræðurnir í bátinn og hvolfir þá maðurinn bátnum aftur. Gekk þetta þannig fram þá að hádegi þar sem bræðurnir skiptast á að grípa í timbrið eða bátinn. Ferst Einar um hádegið, Eyjólfur heldur áfram að berjast fyrir lífi sínu en nokkrum tímum seinna ferst hann einnig.

Þá reri stóri maðurinn til Sigurðar og sagði honum að stíga í bátinn. Sagði stóri maðurinn „Skal þig ekki saka því þú hefur ekkert gert mér á móti.“ Þorði því Sigurður engu öðru en að hlýða manninum. Stóri maðurinn reri með Sigurð í Barðsneshöfn, gekk frá bátnum og hefur

hann ekki sést eftir þetta atvik. Þegar Sigurður sagði frá þessu trúði fólk að eigandi stóru beinanna hefði hefnt sín fyrir grín bræðranna.¹¹

Hellisfjörður



Mynd 5 Þorgeir Jónsson, á.á.

Hellisfjörður er fjörður nálægt Hellisfjarðarmúla og Viðfjarðarmúla. Hellisfjörður er sveitabær samnefndur firðinum og er bærinn nálægt Kvígindisdal og Viðfjarðarmúla.^{12 13}

Spánskadys

Milli Viðfjarðar og Norðfjarðar liggur skarð og var það áður kallað Almannaskarð, í því skarði er stór dysjahaugur sem skarðið er kennt við í dag. Dys þessi er kölluð Spánskadys eða einfaldlega Dys. Sagan um örnefni þetta er hér fyrir neðan.

Eitt sumar kom spænskur fiskibátur inn í Breiðuvík í Reyðarfirði þegar þar var ennþá kaupstaður, þó sumir segja að báturinn hafi siglt inn Norðfjarðarflóa og til Hellisfjarðar. Mennirnir á skipinu keyptu ýmsa hluti frá heimamönnum og báðu þeir um að kaupa hvolpafulla tík. Magnús sterki bjó á þessum tíma í Hellisfirði, hann var þá orðinn gamall og átti hann tvo fullorðna syni sem hétu Bjarni og Jón. Hittu Bjarni og Jón þessa spænsku menn og voru þeir með tík með sér, tíkin hafði fengið sér svo mikið soð að hún virtist hvolpafull. Sáu skipsmennirnir tíkina og héldu að hún væri hvolpafull og ætluðu að taka hana, sögðu bræðurnir þeim að hún væri ekki hvolpafull en þeir trúðu þeim ekki og heimtuðu að kaupa hana þangað til bræðurnir gáfu eftir og seldu hana.

¹¹ Halldóra Tómasdóttir og Ólöf SæunnValgarðsdóttir, 2006, bls 29-30

¹² *Mapcarta*. á.á.

¹³ *Mapcarta*. á.á.

Maðurinn sem átti tíkina sem bræðurnir seldu var kallaður Ásmundur frá Nesi og þegar tíkin kom í skipið varð henni illt í maganum og ældi. Sáú þá skipsmenn að tíkin var ekki hvolpafull og voru þeir óánægðir og sannfærðir um að þeir hefðu verið sviknir og ætluðu að hefna sín. Sumir segja að Spánverjarnir hefðu hefndttín um leið en aðrir segja að þeir hafi farið og komið aftur næsta ár, farið í land í Vöðlavík og gengið þaðan inn í Norðfjarðarflóa, hlaðnir vopnum.

Á leiðinni inn flóann hittu Spánverjarnir systkini, stelpu og strák, sem voru að smala kindum, en þau voru börn bóndans í Vöðlavík. Heimtuðu Spánverjarnir að börnin myndu leiða þá til Hellisfjarðar og gátu systkinin ekki gert annað en hlýtt þeim. Á leiðinni til Hellisfjarðar fóru Spánverjarnir svo illa með stelpuna að hún missti líf sitt. Eftir þann atburð neyddu þeir strákinn til að fylgja sér á leiðarenda. Vildi strákurinn hefna fyrir lát systur sinnar og eyddi hann því tíma Spánverjanna með torfærum og krókaleiðum, þreytti það mennina.

Þegar Spánverjarnir, ásamt stráknum, komu loksins upp á Almannaskarð voru þeir svangir og þreyttir, stoppuðu þeir því til að borða og lögðu sig aðeins. létu þeir strákinn liggja á milli tveggja manna sem héldu honum. Þegar Spánverjarnir voru sofnaðir nýtti strákurinn tækifærið og leysti sig úr greipum mannanna, án þess að vekja þá. hann eyðilagði vopn þeirra og sem dæmi má nefna að hann pissaði í byssurnar og færði þær burt frá þeim.

Hljóp hann svo niður í Hellisfjörð og sagði Magnúsi sterka og sonum hans, Bjarna og Jóni, frá því hvað hefði komið fyrir hann og systur hans. Bræðurnir brugðust ekki vel við og ruku þeir út og ætluðu þeir upp í Almannaskarð, Magnús lokaði strákinn inni í húsinu og fór á eftir bræðrunum en strákurinn slapp út auðveldlega og elti mennina þrjá. Þegar Magnús og strákurinn voru komnir upp í skarðið sáu þeir að Bjarni og Jón hefðu byrjað að berjast við Spánverjana og að nokkrir Spánverjar voru nú þegar látnir.

Spánverjarnir reyndu að verjast en byssurnar þeirra virkuðu ekki lengur og varð úr því harkalegur bardagi milli Spánverjanna og feðganna. Spánverjarnir rotuðu strákinn með steini og talað er um að feðgarnir hafi drepit í kringum 15 Spánverja en að tveir hafi komist undan og flúið í skipið sitt í Vöðlavík.

Norðfirðingar og feðgarnir dysjuðu Spánverjana þar sem bardaginn átti sér stað og er haugur þessi stór og mikill. Er talið að þeir hafi verið dysjaðir í kringum miðja 19. öld og hefur skarðið verið kallað Dysjaskarð, Dys eða Spánskadys síðan þá.¹⁴

¹⁴ Hálfðan Haraldsson, 2008, bls 251-253

Viðfjörður



Mynd 6 Nigel Nudds Photography, 2009.

Viðfjörður er staðsettur syðst í Norðfjarðarflóa. Í firðinum er samnefnt býli ásamt tveimur öðrum býlum sem búið var á í stuttan tíma, þau býli hétu Borg og Klif en eru öll býli í firðinum nú komin í eyði. Fjörðurinn er friðsæll staður og aflokaður, á liggur í miðjum firðinum.¹⁵

Lærleggurinn

Fyrir þó nokkrum árum voru þrír menn í messu í Skorrastaðarkirkju, þegar messu lauk voru mennirnir þrír að labba eitthvað um krikjugarðinn og fundu þeir mannsbein sem reynist vera lærleggur. Fóru þeir að bera lærlegginn við lappir sínar og tala um að eigandi leggsins hlyti að hafa verið stór og sterkur maður sem hefði verið gaman að hafa með í bátsferðum, þá sérstaklega á leiðinni heim það kvöld. Eftir þetta samtal fóru mennirnir þrír að undirbúa sig fyrir brottför þá sagði einn þeirra að hann hafi gleymt vettlingum sínum inni á bænum og hann ætlaði að sækja þá. Ef hann yrði ekki kominn þegar þeir tveir væru búnir að gera bátinn tilbúinn áttu þeir bara að fara án hans því hann myndi kannski gista á bænum.

Fara mennirnir tveir niður að sjó og ýta þeir tveir bátnum á flot. Fólk á bæjum í Norðfirði (þ.e. Miðbæ, Skorrastað, Ormstöðum, Hofi og Ormsstaðahjáleigu) sjá einhvern stórvaxinn frakkaklæddann mann á leiðinni út að sjó og þegar mennirnir tveir eru tilbúnir til brottfarar kemur frakkaklæddi maðurinn að þeim og segir við þá að hann sé kominn til að hjálpa þeim að róa heim, eins og þeir hefðu talað um fyrr það kvöld. Sest hann svo í bátinn með þeim öðru

¹⁵ Morgunblaðið, 2001.

megin á meðan mennirnir tveir sitja hinu megin, þriðji maðurinn, sem gleymdi vettlingum sínum, kom ekki til þeirra og fóru þeir af stað án hans eins og var talað um. Róa þeir alveg að Viðfjarðarnesi en ná ekki lengra því frakkaklæddi maðurinn hvolfdi bátinum eða sökkti honum. Eitt er vitað að aldrei sást báturinn né mennirnir tveir aftur og eftir það finnst fólki það oft sjá undarlega hluti við Viðfjarðarnes, stundum er það bátur á hvolfi með mönnum hjá, en sést það bara úr mikilli fjarlægð.¹⁶

¹⁶ Þorsteinn Erlíngsson, 1954, bls 281-283

Sandvík



Mynd 7 Visit Austurland, á.á.

Áður fyrr var austasta mannabyggð Íslands Sandvík en nú er Sandvík í eyði. Fallegar fjörur einkenna víkina og sunnan við Sandvík liggur Gerpirinn, sem er austasti oddi Íslands og elsti hluti Austurlands, ef ekki alls landsins.¹⁷

Uppruni Sandvíkur-Glæsis

Talað er um í tveimur mismunandi heimildum að tvær sögur séu til um uppruna Sandvíkur-Glæsis en komst ég að því að þær eru að minnsta kosti fjórar, ef ekki fleiri. Hér fyrir neðan verður fjallað um þær fjórar sem ég fann. Tvær eru frekar svipaðar, en allar sögurnar eiga það sameiginlegt að Glæsir hafi komið frá einhverju skipi, hvort hann hafi verið útlenskur skipstjóri, hollenskur kapteinn, skipstjóri eða skipbrotsmaður er hinsvegar annað mál.

Sandvíkur-Glæsir var einu sinni með best þekktu draugunum á Austurlandi, skyggir og óskyggir sáu hann ótal sinnum. Er það þó fyrir a.m.k. tveimur öldum og er Glæsir miklu sjaldsédari í dag en hann var og hefur hann næstum fallið í gleymsku.¹⁸

Uppvakning sjódauðs manns

Einhvern tímamann var bóndi að leigja Miðbæ í Sandvík, ekki er vitað hvað hann hét. Maður frá Fljótsdalshéraði átti landið og leigði honum bæinn. Hittust mennirnir í Breiðuvík í Reyðarfirði, þar var kaupstaður. Leigjandinn sagði leiguliðanum frá óánægju sinni í sambandi við borganir leiguliðans. Leiguliðinn var ekki sammála honum og voru þeir fljótir að reiðast og skiptast á harðyrðum.

¹⁷ Morgunblaðið, 2001.

¹⁸ Þorsteinn Erlíngsson, 1954, bls 266-267

Leigjandinn sagði við leiguliðann: „Þér finnst leigan of há, kannski fer það svo að þú þurfir ekki að hafa áhyggjur af borgunum af Mið-Sandvík.“ Fóru þeir síðan sitthvora leiðina eftir þetta samtali og leigjandinn ákveður að vekja upp mann sem hafði farist á sjónum, var sá maður erlendur skipstjóri sem hafði rekið á land við Héraðssanda. Draug þessa manns sendir leigjandinn á leiguliðann. Er þetta ein af upprunasögum Sandvíkur-Glæsis.¹⁹

Galdramaður í Norðfirði

Galdramaður einn bjó á Nesi í Norðfirði, keypti hann af einum bónda í Sandvík kú sem átti að vera kelfd og snemmbær en kom í ljós að hún var kálflaus. Reiddist galdramaðurinn við þetta og vakti hann því upp draug sem var hollenskur kapteinn sem lést í Norðfirði, sendi hann Sandvíkingum drauginn.

Í desember, ár eitt, sáu nokkrir Sandvíkingar mann uppi á brúnunum fyrir ofan sveitabæina þrjá, Damm, Mið-Sandvík og Part, sem liggja nálægt hvor öðrum. Virtist maðurinn vera að færa snjóinn saman, lítið var gert í þessu. Annar bær var í Sandvík sem hét Sandvíkursel og var hann innar í vikinni. Var þessi vetur snjómikill, svo kom vonskuveður og notaði Glæsir þá tækifærið til að ýta snjónum, sem hann hafði safnað saman, af stað svo það myndaðist snjóflóð. Var snjóflóðið svo stórt að það drap allt fólk, og öll dýr á öllum þremur bæjunum. Sandvíkursel stóð eitt eftir snjóflóðið og byggðist vikin upp aftur eftir þetta atvik og var Glæsir þá búinn að setjast að í Sandvík.²⁰

Hafís í harðindavori

Fyrir þó nokkrum öldum var harðindavor fyrir austan og sáu menn skip eitt lenda í öldugangi og hafís hjá Reyðarfirði og Norðfirði, kemst það að Gerpi áður en það brotnar. Nokkrir sögðust hafa séð menn á hafísnum sem hurfu, en ekki var tekið mikið mark á því. Bóndinn á Mið-Sandvík fer og gengur undir Gerpi og finnur mann grúfa í sandinum, hafði maðurinn synt þangað og var hann með einhverju lífsmarki.

Sást það vel á manninum að hann hafi verið skipstjóri skipsins. Hafði maðurinn gullhring, langa reykjarpípu og kistil. Klæddist hann glæsibringu og hnéstígvélum og hörðum pípuhatti. Bóndinn kemst að því að í kistlinum eru peningar og gerist hann gráðugur, drepur hann skipstjóran og tekur allt verðmætt af honum, þar með talið fötin hans, og kemur honum aftur í sjóinn.

¹⁹ Halldóra Tómasdóttir og Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir, 2006, bls 31

²⁰ Þorsteinn Erlíngsson, 1954, bls 266-267

Bóndinn tekur verðmætin með sér heim og passar vel upp á þau, kemst hann upp með morðið og stuldinn án þess að nokkur viti af. Fór fólk að sjá mann ganga um víkina og þekkti enginn manninn. Maðurinn var hávaxinn og gekk hann um í hnéstígvélum og glæsibringu með pípuhatt á höfði sér. Hélt hann á langri reykjarpípu og var hann með staf í hinni hendinni og inni í stafnum var hringur og heyrðist í hringnum þegar maðurinn stakk stafnum niður. Fór fólk að geta sér til um hver þessi maður væri og komst það að ljóta verknaði bóndans, átti bóndinn erfitt með að þegja yfir þessu leyndarmáli þegar fór að sjást til mannsins sem enginn þekkti.²¹

Skipsflak seinni parts sumars

Einhvern tímann seint um sumar, var vonskuveður og mikill öldugangur. Sást í skipsflak með manni í og komst flakið svo nálægt landi að Sandvíkingar heyrðu öskur mannsins. Var brimið svo mikið að ekki var hægt að koma báti til mannsins, stuttu seinna sýndist víkurbúunum að skipbrotsmaðurinn væri að hóta þeim. Flakið ferðaðist undir Gerpi og fórst þar, ásamt skipbrotsmanninum. Stuttu eftir lát mannsins fór Glæsir að vekja athygli á sér og fór hann illa með dýr og menn, var hann svo slæmur að vikin lagðist næstum í eyði.

Lýsingin á Glæsi er sú að hann var lágvaxinn maður sem var klæddur svörtum skóm, hvítri skyrtu og í frakka. Gekk hann um með langa reykjarpípu sem hann reykti gjarnan úr. Algengast var að þegar fólk mætti honum og heilsaði honum sem lifandi manni, blés hann reyknunum í andlit þess eða tók ofan og fylgdi hausinn þá með og hristi hann blóði framan í þann sem heilsaði honum. Vissu allir á þessum „kveðjum“ að þetta væri Sandvíkur-Glæsir á ferð.

Lengi vel fylgdi Glæsir aðeins Sandvíkingum hvert sem þau fóru, svo lengi sem þeir bjuggu enn í Sandvík. Ef einhver flutti burt úr Sandvík hætti Glæsir að hrella viðkomandi. Elti Glæsir þó Sandvíkinga oft að Skorrastað í Norðfirði, þar sem Sandvíkingar sóttu kirkju. Hrelldi Glæsir fólk á margan og mismunandi hátt svo sem að drepa búfénað eða „heilsa“ þeim svo fallega, gerðist hann stundum hættulegur en oft var hann meinlítill.²²

²¹ Halldóra Tómasdóttir og Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir, 2006, bls 31-32

²² Þorsteinn Erlíngsson, 1954, bls 268-269

Skyndikynni við Glæsi

Einu sinni þegar fólk úr Sandvík var að ganga til kirkju sá kona ein, sem bar nafnið Hólmfríður, Glæsi dansa og hoppa um. Hrækti hún á hann og varð hann óánægður með það að komið hafi verið svo illa fram við hann að hann fór með hraði að bestu kind Hólmfríðar og drap hana.²³

Lengi bjó maður í Hellisfirði sem hét Einar Erlendsson, var hann bróðir séra Þ. Erlendssonar prófasts á Hofi í Álftafirði. Mætti Einar einhvern tímanna manni að kvöldi til og þekkti hann ekki manninn. Heilsaði Einar manninum að gömlum og góðum sið, með því að taka hattinn ofan, og gerir hinn slíkt hið sama en fylgir höfuð hans með hattinum og hristir hann blóð framan í Einar, brá honum mikið við þetta og bölvaði honum.²⁴

Bjarni í Grænanesi hét smaladrengur einn. Eitt skipti þegar hann gekk til kindanna sá hann mann uppi á túninu og passaði sá maður við lýsingu Glæsis. Labbaði Bjarni til skrautklædda mannsins og hélt hann að þetta væri sýslumaðurinn sem var að þinga á Skorrastað. Heilsaði hann skrautklædda manninum og blés maðurinn miklum reyk úr pípunni sinni, svo miklum að það leið næstum yfir Bjarna og neyddi reykurinn hann til að snúa höfði, þegar hann leit til baka var skrautklæddi maðurinn horfinn.²⁵

Einhvern tímanna kom gestur til Skálateigs og bað um gistingu. Vinnukonu á bænum var sagt að útvega honum hrein föt og koma honum úr blautu fötunum. Þegar hún kemur fram sér hún tvo menn en hugsar ekki mikið út í það, ætlaði hún að hjálpa manninum í skugganum en þá leysist hann upp í reyk. Bregður stelpugreyinu en fer að sinna gestinum sem sá ekki neitt. Daginn eftir kom maður úr Sandvík og settist á sama stað og skuggamaðurinn.²⁶

Í kringum 1860 var maður að nafni séra Hinrik Hinriksson prestur í Skorrastað og gerði Glæsir mikið vart við sig þar á þann hátt að láta konur finna fyrri hræðslu upp úr þurru eða láta líða yfir þær og gat aðeins presturinn sagt þeim afhverju þetta var að gerast, þar sem hann var skyggn.²⁷

²³ Þorsteinn Erlíngsson, 1954, bls 270-271

²⁴ Þorsteinn Erlíngsson, 1954, bls 271

²⁵ Þorsteinn Erlíngsson, 1954, bls 271- 272

²⁶ Þorsteinn Erlíngsson, 1954, bls 272

²⁷ Þorsteinn Erlíngsson, 1954, bls 273

Hlaup í Sandvík

Talað var um að Glæsir hafi verið rólegur sumarið fyrir hlaupið og sögðu menn að þeir hefðu séð Glæsi byrja að moka saman snjó á Fláum sem skilur Norðfjörð og Sandvík að hausti til. Voru á þessum tíma þrjár bæir í Sandvík og hétu þeir Dammur, Mið-Sandvík og Partur og var ekki langt á milli bæja. Einn vetrardag kom vonskuveður og var fólk þá lítið á ferðinni. Þegar kvöldi tók fór fólkið í Dammi að sofa eins og vaninn var, stuttu seinna vaknaði eiginkona bóndans þar og segir hún að eitthvað sé í gangi í Mið-Sandvík. Lítið var gert fyrir en morguninn eftir og sá fólk þá að snjóflóð hafði fallið á Mið-Sandvík og hefðu allir á bænum farist. Safnaðist fólk úr Dammi og Parti saman og björguðu öllu nýtilegu úr bænum áður en séð var um útför þeirra. Glæsir fékk að eiga þetta atvik .

Talað er um að Glæsir hafi þann eiginleika að geta birst í fleiri líkum en mannlíki en oftast sést til hans í skrautklæðnaðinum með glæsibringuna, pípuna, hattinn og stafinn. Talað var um hann sem hermikráku og spilagosa og að hann spillti friðnum í Sandvík. Oft og mörgu sinnum lágu kindur dauðar hvar sem hann hafði farið.²⁸

Glæsir tók ofan

Maður einn sem bjó í Hellisfirði og bar nafnið Einar Erlendsson, og er minnst á hér fyrir ofan, var allskyggn og sá hann oft og mörgu sinnum Glæsi. Einar var giftur Guðnýju Jónsdóttur eldri og Sveinn Jónsson á Kirkjubóli var giftur Guðnýju Jónsdóttur yngri og voru mennirnir góðir vinir. Voru þær báðar dætur séra Jóns Hávarðssonar.

Einhvern tímann átti Einar von á séra Jóni í heimsókn til Hellisfjarðar og sá hann vel klæddan mann koma og heilsaði hann manninum en hvarf maðurinn um leið. Einhvern tíma seinna var Einar á ferð yfir svokölluð Hrafnaskörð, sem liggja á milli Reyðarfjarðar og Norðfjarðar, og mætir hann aftur vel klæddum manni og heilsar hann manninum með því að taka hattinn sinn ofan. Gerir hinn slíkt hið sama og fylgir hausinn með og hverfur svo maðurinn. Gerir Einar sér grein fyrir því að þetta hafi verið Glæsir og mætir hann Sandvíkingum stuttu eftir það. Var það fremur algengt að Einar mætti vel klæddum manni sem tók ofan og hyrfi svo, var það ávallt Glæsir og þetta sýnir það að hann hrekkti stundum á meinlausan hátt.²⁹

²⁸ Halldóra Tómasdóttir og Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir, 2006, bls 32-33

²⁹ Halldóra Tómasdóttir og Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir, 2006, bls 33-34

Glæsir ofsækir Valgerði

Jens Magnússon í Skuggahlíð átti dóttur sem bar nafnið Valgerður. Þegar Valgerður var á unglingsárum sínum eyddu hún einhverjum tíma á Barðsnesi og byrjaði Glæsir af ofsækja hana upp úr þurru. Tók Glæsir svo fast um háls hennar þegar hún var að fara að sofa að hún lét næstum lífið. Byrjaði eignkona bóndans á Barðsnesi að sofa fyrir framan Valgerði en það dugði því miður ekki þar sem Glæsir hélt áfram hvað sem fólkið reyndi.

Gerði hann Valgerði þetta svo oft að það fór að hafa áhrif á geðheilsu hennar og breyttist ekkert fyrr en að eldri kona úr Norðfirði kom til hjálpar. Þessi kona var fróð og greind, byrjaði hún að sofa fyrir framan stúlkuna og risti konan rúnir á rúmstokk Valgerðar. Eftir það lét Glæsir hana vera og batnaði Valgerði. Seinna giftist Valgerður manni sem hét Þorsteinn Jónasson og var sonur Jónasar skálds í Norðfirði. Þegar eiginmaður Valgerðar var ungur drengur, á aldrinum 8 – 10 ára gamall, var hann vanur að vaka yfir túni að vori og sagðist hann leika sér úti á nóttunni og hlypi inn í baðstofuna til að hvíla sig. Heyrði hann þá einhvern stinga niður broddstaf einum, hræddist hann og þorði ekki út en vildi ekki gefast upp við túnvörnina. Hann fór til konu sem hét Guðrún Einarsdóttir og sagði henni hvað hann hefði heyrt og sagði hún honum að þetta líktist Sandvíkur-skrattanum. Hann skyldi fara að sofa og hún myndi annast túnvörnina, þegar hann vaknaði sat kona úr Sandvík hjá honum.³⁰

³⁰ Halldóra Tómasdóttir og Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir, 2006, bls 34-35

Eskifjörður



Mynd 8 Visit Eskifjörður, á.á.

Fjörðurinn Eskifjörður gengur inn úr norðurströnd Reyðarfjarðar og er bærinn í Eskifirði samnefndur firðinum. Áður fyrr var Eskifjörður mikill verslunarstaður og fékk bærinn kaupstaðarréttindi árið 1786.³¹

Sæluhúsið á Eskifjarðarheiði

Á Eskifjarðarheiði stendur sæluhús, það er rétt hjá gili og þar niðri hefur einhverskonar óvættur eða draugur gert sig heimakominn. Gerir óvætturinn gestum sæluhússins ýmsar brellur og hrellir þá. Fyrir löngu síðan var ungur maður sem bar nafnið Þorlákur á leiðinni í Hólaskóla og fór hann Eskifjarðarheiðina, stoppar hann í sæluhúsinu á leið sinni að kvöldi til og heyrir hann óhugnanlega rödd kalla til sín úr gilin.

Röddin spyr hann fimm spurninga, þær voru: „Hvað heitirðu? Hvers son ertu? Hvaðan ertu? Hvert ætlarðu, og hvað marga náttu er tunglið?“ Svarar ungi maðurinn undir eins og segir: „Þorlákur heiti ég. Þórðarson er ég. Úr Múlasýslu kem ég. Í Hólaskóla ætla ég, og níu náttu er tunglið.“ Sagt er að ef einhver svarar ekki samstundis, í þessu tilfelli Þorlákur, án þess að missa takt þá fær óvætturinn vald yfir manni.³²

³¹ Fjarðabyggð, e.d.

³² Halldóra Tómasdóttir og Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir, 2006, bls 78

Mjóifjörður



Mynd 9 Emil Hannes Valgeirsson, 2018.

Mjóifjörður er staðsettur á milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðarflóa. Fjörðurinn er mjór og í kringum 18 kílómetra langur eins og nafn hans gefur til kynna. Þorpið í Mjóafirði heitir Brekkuborpi og er allt sem þarf til staðar, kaffistofa, póstafréiðsla, skóli og kirkja svo að eitthvað sé nefnt. Talað er um að Mjóifjörður sé vel falinn fjársjóður milli fjallana því í firðinum er einstök náttúra og er fjörðurinn verulega veðursæll.³³

Líksaungshamrarák

Koti heitir bæ einn og er hann í suðurfjallinu í Mjóafirði. Ein stór urð sem er á mótum Koti heitir Stóraurð og í henni er gilið Stóraurðargil. Fyrir vestan þetta gil er svokölluð Líksaungshamrarák og átti einhvern tímann að hafa verið kirkjugarður huldufólks þar. Einn dag var smali sem bjó í Firði, og bar nafnið Halldór, að smala kindum sínum einstaklega snemma morguns um Líksaungshamrarákina.

Bjóst hann við því að þurfa ganga gróðurlausa og bratta rák og brá honum innilega við að sjá rákina skruðgræna og brattalaus, sá hann einnig hús sem höfðu ekki verið þar áður og kirkja með kirkjugarði sem hafði ekki verið þarna daginn áður. Voru margar grafir mismunandi skreyttar í kirkjugarðinum og var ein gróf sem náði athygli Halldórs frekar. Var grafarsteinninn úr blágrýti og var hann fallega skreyttur. Fremst á steininum var gullplata með mynd af fugli og texti sem sagði: Hér er til moldar leiddur göfugur sýslumaður Ketill Þjóðreksson, fæddur 1478 – andaður 1697.

³³ *Fjarðabyggð*, e.d.

Við hliðina á þessari gröf var opin gröf og þegar hann leit í átt að kirkjunni sá hann að dyrnar voru opnar og heyrði hann söng koma frá kirkjunni. Gengur hann inn í kirkjuna en stoppar í dyragættinni og sér hann kirkjuna skreytta undur fagurlega að innan, voru ljós alls staðar, blómskreytingar og fullt af fólki inni. Var presturinn þar að flytja líkræðu yfir kistunni sem hann stóð fyrir framan. Var hann að enda líkræðuna sína þegar smalinn er kominn, segir presturinn: „Ekki skal fresta því sem þarf að gera, berið líkama þessarar látnu systur okkar sem er geymdur í kistu þessari til hennar síðasta jarðneska staðar. Skulu þið sökkva henni niður í ógnvænlegu og dimmu gröfina sem er við hliðina á eiginmanni hennar. Sem við grófum fyrir ári síðan, leggið hana í síðustu líkamlegu hvíld sína, amen.“

Kistan var vönduð og voru á henni þrír blómsveigar. Blómin á sveigunum hafði smalinn aldrei séð áður, blöðin á einu blóminu virtust dökkgræn og þykk, annað blóm virtist vera úr silfri og þriðja blómið virtist vera úr gulli. Presturinn hóf sálminn „Allt eins og blómstrið eina“ og við það tóku líkmennirnir kistuna upp og báru hana beint út til grafar og fylgdu allir þeim út. Úti kastar presturinn mold á kistuna en fór ekki með „Af jörðu ertu kominn“ þuluna eins og flestir prestar gera, sagði hann í staðinn „Af móður ertu fædd. Að frumefnum muntu uppleysast. En Guð einn veit, hvað liggur fyrir þér hinumegin grafarinnar. Guð sé okkur öllum miskunnsamur, amen.“

Eftir það fóru allir saman inn í undurfagurt hús og benti einn úr hópnum í átt að smalanum og sagði honum að elta þau. Gekk hann því inn í veislusalinn með hinum og voru þar borð með allskonar krásum og vínnum. Var smalanum boðið að setjast niður og borða með þeim og var þetta besti matur sem hann hafði nokkurn tímann fengið, mundi hann ekki þá tíma þar sem honum hafði liðið betur en einmitt þá. Át hann mikið og drakk enn meira, var svo silfurbikar fullur af víni borinn til hans og tæmdi hann bikarinn eins og allir aðrir, þóttist hann vita að þessi athöfn lyki erfidrykkjunni.

Þegar hann ætlaði að skila bikarinn var honum sagt að hann mætti eiga hann og við þau orð varð hann voðalega þreyttur og sofnaði strax þar sem hann sat. Þegar hann vaknaði lá hann einhversstaðar í Líksaungshamrarákinni og var hún þá eins og hann þekkti hana, brött og gróðurlaus. Var bikarinn hjá honum þegar hann vaknaði og lét smalinn kirkjuna í Firði fá hann og var bikarinn undurfagur og vel skreyttur.³⁴

³⁴ Þorsteinn Erlíngsson, 1954, bls 289-293

Hreppstjóravogur

Það er vogur utarlega í Mjóafirði og er hann staðsettur milli Eldleysu og Hofs og er vogurinn nær Eldleysu en Hofi, nefnist sá vogur Hreppstjóravogur. Áður fyrr, þegar fleira fólk bjó í Mjóafirði, voru tveir hreppstjórar í Mjóafirði og var Mjóafirði skipt í tvö umdæmi, náði annað umdæmið inn að Hofi og hitt náði inn að Steinsnesi. Á þessum tíma var Eldleysa ekki byggð og var því erfitt að skilja Hof og Steinsnes að, þar sem lönd þeirra lágu saman.

Einn gamall og máttlíttill maður sem hét Brandur var heimilislaus og vildi hvorugur hreppstjórinn hafa hann í sínu umdæmi og voru þeir því að senda hann endalaust á milli umdæma. Einhvern tímann rak annar hreppstjórinn Brand í hitt umdæmið í slyddu- og rigningarveðri og komst Brandur rétt svo til hins hreppstjórans, var hann þá illa á sig kominn. Um leið og hinn hreppstjórinn sá hann rak hann Brand burt og ráfaði hann eitthvert út í vonskuveðri og myrkri. Fannst hann litlu síðar látinn smá spöl fyrir innan Eldleysu í skúta sem nefndis Brandsskúti, sem er stutt frá Hreppstjóravogi. Brandur hafði skriðið inn í skútann um nóttina í vonskuveðrinu og lést hann þar vegna hungurs og kulda.

Batnaði vinskapur hreppstjóranna tveggja ekki við lát Brands og varð gríðarleg heift á milli þeirra enn meiri við þetta atvik. Nokkru eftir þetta sást til hreppstjórana við Hreppstjóravog, kom annar frá Hofi og hinn frá Steinsnesi og voru þeir sitthvoru megin við voginn. Fóru þeir strax að skiptast á hörðum orðum yfir voginn og jukust öskrin á milli þeirra þar til reiðin blindaði þá svo alvarlega að þeir ætluðu að hlaupa á hvorn annan og voru búnir að steingleyma því að vogurinn stóð á milli þeirra og hlupu þeir því beint út á voginn. Druknuðu báðir hreppstjórnir í þessum vogi og hefur hann alltaf verið kallaður Hreppstjóravogur eftir það.³⁵

Nípukerlingin

Klettafjall eitt sem liggur milli Mjóafjarðar og Norðfjarðar heitir Nípa og er fjallið ótrúlega bratt. Klettastrýta ein stóð áður fyrr ofarlega utan í Nípunni og var strýtan kölluð Kerling en hún hrapaði í kringum árið 1851 og fannst mörgum það leitt því var strýtan var tilkomumikil og há. Erfitt var að komast á stallinn til Kerlingar en einu sinni komst þekktur flugmaður þangað og mældi hann stærð Kerlingar. Hann sagði að Kerling væri 18 álnir á hæð (u.þ.b. 11.286 metrar) og 12 álnir að ummáli (u.þ.b. 7.524 metrar) og virtist Kerling vera að horfa í norðaustur. Sami maður sagðist hafa sofnað uppi hjá Kerlingu voða fljótt og dreymt heljarinnar draum.

³⁵ Þorsteinn Erlíngsson, 1954, bls 293-294

Þegar hann var sofnaður fannst honum Kerling beygja höfuð sitt, horfa á hann og sagði honum að hann væri fyrsta manneskjan sem hefði komið og heimsótt hana síðan hún festist þarna uppi og sagði hún að hún væri ástæðan fyrir því að hann hefði komið hingað upp. Sagði hún að hann hefði verið eini maðurinn sem hún hefði hrifist af lengi vel en þrátt fyrir það myndi hann eiga hamingjusamt líf fyrir höndum, þó myndi hann aldrei giftast né eignast börn. Ákvað hún svo að segja honum sögu sína.

Settist hún að á Íslandi löngu áður en menn fóru að búa hérlendis og settust að allskonar aðrar verur á svipuðum tíma, dvergar, huldufólk, tröll og lifðu þau hér lengi vel í friði. Tröllinn sem fluttu hingað lifðu á rostungum, hvölum, fisk og fuglum og bjuggu þau í hellum. Á kvöldin sátu þau við elda inni í hellum sínum og fóru í skinnaleik og hringbrot, einnig sögðu þau hvert öðru ýmsar tröllasögur ásamt annarri skemmtun sem hún taldi manninn hafa gaman af, hefði hann geta séð þá.

Bjó hún og fjölskylda hennar á austurlandinu og voru þau af góðri tröllætt. Leið þeirra dagur í friði og ró þar til mannfólk fór að nema landið, var mannfólkið meinlaust ef það trúði á Óðinn, bræður hans og aðra Æsi. Voru þó tröll og menn ólík í eðli sínu en létu hvert annað í friði. Sagðist hún hafa verið kölluð Nípa á þeim tíma og var hún stutt frá því að giftast risa sem var kallaður Núpur um það leyti sem mannfólkið nam landið. Átti hún bróður sem var kallaður Gerpur og systur sem kölluð var Skráma.

Fór svo mannfólk með öðruvísi trú að búa á Íslandi og kölluðu þeir sig kristna menn. Voru þeir óvinveittir öllum landvættum og tröllum, voru kristnu mennirnir svo bjartir yfirlits og heitir í anda að hún og kunningjar hennar þurftu að flytja sig burt úr hellum sínum annað. Manna verstur var maður sem bjó í Vöðlavík og bar nafnið Þorleifur hinn kristni. Hann lét þau aldrei vera og leyfði þeim hvergi að lifa í friði. Réðst hann á þau með stórum gylltum krossi sem vopn, kallaði hann krossinn sigurmark kristinna manna. Voru þau svo hrædd við krossinn að þau flúðu hvert sem þau gátu, í hvaða átt sem var, til að bjarga lífi sínu.

Nípa sagðist hafa flúið með 6 ára gamla dóttur sína í þetta fjall sem kallað er Nípa í dag eftir henni. Þegar hún komst loks þar sem hún stóð kom sólin upp og varð hún að steini, gat hvergi farið og ekkert hreyft sig en hafði enn hugsun sína og þráði ekkert annað en að hitta vini sína og fjölskyldu aftur. Dóttir hennar stóð fyrir aftan hana þegar sólin kom upp og varð einnig að steini.

Eiginmaður hennar, Núpur, komst út alla norðurbyggð Mjóafjarðar og með honum var 12 ára gamall sonur þeirra. Sonurinn var ekki jafn fljótur og faðir hans og var því ekki kominn

fyrir innan Steinsnes þegar sólin kom upp og gerði hann að steini. Núpur komst hinsvegar út í Dalabakka og náði sólin honum þar. Bróðir hennar, Gerpir, náði að flýja út allt Barðsnesfjallið og var kominn í sjóinn hjá Barðsneshorni þegar sólin náði til hans þegar hann var að reyna að vaða til Dalatanga. Þegar sólin náði til hans breyttist hann í stapa sem er kallaður Hornstapi í dag. Systir hennar, Skráma, varð ekki að steini og komst hún inn í helli sem er lengst inni í Mjóafirði. Næstum öll fjölskylda hennar Nípu varð að steini á einum degi. Endaði hún sögu sína og sagðist bíða eftir því að hún myndi hrynja úr fjallinu þar sem hún vildi frekar deyja en að vera úr steini alla eilífð. Vaknaði maðurinn eftir þetta og fannst honum þessi draumur hafa verið raunverulegur og fannst honum Kerling horfa á hann eftir að hann vaknaði og var á leiðinni burt.

Þessi maður var heiðarlegur og vel þekktur, ekki er ljóst hver maðurinn var en segja sumir að það hafi verið Halldór Hallgrímsson á Bakka sem dreymdi þennan draum. Var það þó algengt að Austfirðingar trúðu því að Nípukerlingin væri tröll sem varð að steini og að kletturinn sem fólk kallaði Einbúa værir eiginmaður hennar. Trúði fólk því einnig að í Krukkuspá stóð að þegar Einbúinn í Dalabakkanum myndi hrapa myndi líða stuttur tími þangað til að Nípukerlingin myndi hrapa líka. Liðu svo tvö ár á milli hrap klettanna tveggja. Hornstapi stendur enn stutt frá Barðsneshorni og finnst sumum mönnum hann líkjast stórum manni í regnjakka með hatt á höfði, sést það þó aðeins frá skipum sem koma úr Mjóafirði.³⁶

Mjóafjarðaskessan

Mjóafjarðargil er fyrir framan Fjörð í Mjóafirði og var þar áður skessa sem kölluð var Mjóafjarðaskessa og var hún vön því að lokka presta fra Firði í gilið til sín. Fór hún alltaf til kirkjunnar þegar prestur stóð í stólnum og setti hendina sína fyrir utan stólsgluggann og við það varð presturinn í stólnum klikkaður og sagði:

„Takið úr mér svangann og langann; nú vil ég að giliu ganga. Takið úr mér svilin og vilin; fram ætla ég í Mjóafjarðargilið.“

³⁶ Þorsteinn Erlíngsson, 1954, bls 295-302

Eftir að hafa sagt þetta hljóp hann í gilið frá kirkjunni og fréttist ekkert af prestinum eftir það. Skessan gerði þetta við hvern einasta prest í Firði. Einhvern tímann var ferðamaður að ganga um gilið og sér skessuna sitjandi á klettanös haldandi á einhverju. Kallar ferðamaðurinn til skessunnar og spyr hana hverju hún héldi á. Svarar skessan honum og segist vera að kroppa seinasta hlutann af hauskúpu séra Snjóka. Þegar ferðamaðurinn segir frá þessu samtali er hann að bera fólkinu í Firði slæmar fréttir. Fóru allir prestar í Firði sömu leið og séra Snjóki og varð erfitt fyrir fólk að fá nýjan prest vegna skessunnar. Einn prestur fékkst til þess að vera í Firði sem vissi af skessunni.

Fyrir fyrstu messuna talaði hann við menn sem yrðu viðstaddir messuna og sögðu þeim hvað þeir ættu að gera ef þeir sæu að hann myndi klikkast eins og hinir prestarnir. Voru þetta 22 menn í heildina sem hann fékk með sér. Sex þeirra áttu að halda honum niðri á meðan aðrir sex færu að kirkjuklukkunum og hringja þeim og tíu menn áttu að halda hurðinni lokaðri. Skipti hann mönnunum niður í verk og stuttu seinna hóf hann messuna. Þegar presturinn var sestur í stólinn kom hendi skessunnar í gluggann og klikkaðist presturinn og sagði:

„Takið úr mér svangann og langann; nú vil ég að gilin ganga. Takið úr mér svilin og vilin; fram ætla ég í Mjóafjarðargilið.“

Ætlaði presturinn svo að hlaupa út og fara í gilið en stukku mennirnir sex á hann og héldu honum niðri. Hinir sex fóru að hringja kirkjuklukkunni og þeir tíu sem voru eftir fóru að halda hurðinni. Um leið og skessan heyrði í kirkjuklukkunni hljóp hún af stað. Hoppaði hún á kirkjugarðinn og sprakk þá skarð í kirkjugarðinum vegna fótar hennar og sagði skessan þá: „Stattu aldrei!“ Hljóp hún svo í gilið og hefur ekki sést til hennar síðan. Það hefur verið reynt að fylla í skarðið en helst ekkert alveg sama hvað er reynt.³⁷

³⁷ Einar Ól. Sveinsson, 1944, bls 73-35

Samantekt

Sögur um nærumhverfi skipta miklu máli í umhverfi hvers barns. Þær eru mikilvæg leið fyrir eldri kynslóðir að miðla upplýsingum og fræða yngri kynslóðir um umhverfi sig og vekja áhuga þeirra á t.d. náttúrunni.

Stefanía Freysteinsdóttir og afi minn Kristján Benjamín Sigurðarson vöktu áhuga minn og miðluðu þekkingu til mín sem ég bý að og þess vegna hef ég lesið og kynnt mér allt þetta efni. Drauga- og þjóðsögur hafa fylgt mannkyninu frá örófi alda. Í þeim takast á hið góð og illa sem gera þær svo áhugaverðar. Örnefnasögurnar komu eftir landnám þar sem í þeim er verið að útskýra við hvað staðurinn er kenndur, hvort sem það er atvik eða einstaklingur.

Þetta verkefni tók margar stundir að vinna og er ég með mjög blendnar tilfinningar varðandi það að hafa loksins lokið við það, og er helstu tilfinningar mínar gleði og stolt. Það er einstök tilfinning að ljúka einhverju sem maður hefur unnið að í marga mánuði, námslega séð. Þetta verkefni fór fram úr öllum mínum vonum. Ég er ótrúlega stolt af því hvernig þessi hugmynd þróaðist.

Heimildaskrá

„Neskaupstaður“, Upplýsingamiðstöð Austurlands, e.d., Sótt af:

<https://www.east.is/is/east/town/neskaupstadur>

Einar Ól. Sveinsson. *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. Vol. 1. Reykjavík; H.F Leiftur, 1944.

Fjarðabyggð. (e.d.) Eskifjörður. Sótt 27. apríl 2019 af

<https://www.visitfjardabyggd.is/fjardabyggd/eskifjordur/>

Fjarðabyggð. (e.d.) Mjóifjörður. Sótt 27. apríl 2019 af

<https://www.visitfjardabyggd.is/fjardabyggd/mjoifjordur/>

Fjarðabyggð. (e.d.). Saga fjarðabyggðar. Sótt 27. apríl 2019 af

<https://www.fjardabyggd.is/fjardabyggd/um-fjardabyggd/saga-fjardabyggdar>

Fljótsdalshérað. (e.d.). Saga sveitarfélagsins. Sótt 27. apríl 2019 af

<https://www.fljotsdalsherad.is/is/mannlif/frodleikur-um-fljotsdalsherad/saga-fljotsdalsherads>

Halldóra Tómasdóttir og Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir. *Austfirskar Draugasögur: Austfirsk Safnrit III*. Vol. 1. Akureyri: Stofnun Gunnars Gunnarssonar, 2006.

Hálfdan Haraldsson. *Norðfjarðarbók: Þjóðsögur, Sagnir og örnefnaskrár*. Vol. 1. Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar, 2008.

Mapcarta. á.á. Barðsnes. e.d. Sótt 27. apríl 2019 af <https://mapcarta.com/17611506>

Mapcarta. á.á. Hellisfjörður. e.d. Sótt 27. apríl 2019 af <https://mapcarta.com/17606782>

Mapcarta. á.á. Hellisfjörður. e.d. Sótt 27. apríl 2019 af <https://mapcarta.com/17606784>

Morgunblaðið. 2001. Austast á Austurlandi. 20. janúar. 27. apríl 2019 af

<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/584488/>

Þorsteinn Erlíngsson. *Þjóðsögur Þorsteins Erlíngssonar*. Vol. 1. Reykjavík: Ísfoldarprentsmiðja Hf, 1954.

Myndaskrá

Mynd 1 Sveitarfélög Austurlands. á.á. *Samband Íslenskra Sveitarfélaga*. [stafræn mynd]. Sótt 27. apríl 2019 af <https://www.samband.is/sveitarfelogin/austurland/>

Mynd 2 Sýslur og kaupstaðir Íslands, sýslurnar voru 23 talsins og auk þeirra voru 24 kaupstaðir. 2019. *Wikipedia*. [stafræn mynd]. Sótt 27. apríl 2019 af https://is.wikipedia.org/wiki/S%C3%BDslur_%C3%8Dslands

Mynd 3 Yfirlit yfir fjörðinn. á.á. *Fjarðabyggð*. [stafræn mynd]. Sótt 27. apríl 2019 af <https://en.visitfjardabyggd.is/fjardabyggd/nordfjordur>

Mynd 4 Árni Ragnarsson og Ína D Gísladóttir. á.á. Barðsnes. *Göngu- og bátsferð á Barðsnes* [stafræn mynd]. Sótt 27. apríl 2019 af https://www.ferdafelag.is/f104_gonguvika09_bardsnes.html

Mynd 5 Þorgeir Jónsson. á.á. Hellisfjörður. Barðsnes handan við Norðfjarðarflóann. Norðfirðingar kalla Barðsnes Hornið. Gengið í Hellisfjörð. [stafræn mynd]. Sótt 27. apríl 2019 af https://www.ferdafelag.is/f147_hellisfjordur11.html

Mynd 6 Nigel Nudds Photography. 2009. Viðfjörður (Spot the red house!). *Flickr* [stafræn mynd]. Sótt 27. apríl 2019 af <https://www.flickr.com/photos/nigesphotobox/3753047950>

Mynd 7 Sandvik black beach. á.á. *Visit Austurland* [stafræn mynd]. Sótt 27. apríl 2019 af <https://www.east.is/en/inspiration/places/nature/sandvik-black-beach>

Mynd 8 Hólmatindur mountain. á.á. *Visit Eskifjörður*. [Tegund myndefnis]. [stafræn mynd]. Sótt 27. apríl 2019 af <http://www.visiteskifjordur.is/what-to-see/holmatindur/>

Mynd 9 Emil Hannes Valgeirsson. 2018. Mjóifjörður. *Flickr* [stafræn mynd]. Sótt 27. apríl 2019 af <https://www.flickr.com/photos/emilhannes/42398933520>